



## Sveitarstjórn Húnabyggðar

Sveitarstjórn Húnabyggðar - 8. fundur sveitarstjórnar Húnabyggðar  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, þriðjudaginn 13. september 2022  
og hófst kl. 15:00

### Fundinn sátu:

Guðmundur Haukur Jakobsson, Grímur Rúnar Lárusson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Zophonías Ari Lárusson, Birgir Þór Haraldsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ásdís Ýr Arnardóttir, Auðunn Steinn Sigurðsson, Elín Aradóttir, Jón Gíslason, Edda Brynleifsdóttir og Valdimar O. Hermannsson.

### Fundargerð ritaði: Atli Einarsson, ritari

Við upphaf fundar óskaði Guðmundur Haukur Jakobsson eftir því að einu máli verði bætt á dagskrá og verður það mál nr. 6 á dagskrá.  
Samþykkt samhljóða.

Jón Gíslason lagði fram eftirfarandi bókun vegna dagskrár fundarins:  
Ég geri athugasemdir við að reglur um skólaakstur sem vísað var til þessa fundar á síðasta fundi sveitarstjórnar séu ekki á dagskrá.  
Einnig tel ég að tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2022 vegna skólaaksturs hefði átt að liggja fyrir þessum fundi.

### Dagskrá:

#### 1. Gjaldskrá leikskóla Húnabyggðar - 2209011

Endurupptekið frá 7. fundi sveitarstjórnar.

*Gjaldskrá leikskóla Húnabyggðar borin upp til samþykktar og samþykkt af sveitarstjórn með 8 atkvæðum (EA, ZAL, RH, EB, ÁYA, ASS, GRL, GHJ).*

*Einn sat hjá við afgreiðslu málsins (JG).*

*Jón Gíslason lagði fram eftirfarandi bókun:*

*Sit hjá vegna þess að útgjalda aukning sveitarfélagsins liggur ekki fyrir eða tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2022, jafnframt fagna ég því að málið skuli tekið til afgreiðslu að nýju þar sem að við afgreiðslu þess á síðasta sveitarstjórnarfundum voru brotin ákvæði 15. greinar sveitarstjórnarlaga og 9. greinar samþykta Húnabyggðar.*

*Guðmundur Haukur Jakobsson óskaði eftir því að hlé yrði gert á fundinum kl. 15:13.*

*Funarhléi lauk kl. 15:24.*

#### 2. Gjaldskrá mótuneytis grunnskóla Húnabyggðar - 2208020

Endurupptekið frá 7. fundi sveitarstjórnar.

*Gjaldskrá mótuneytis Grunnskóla Húnabyggðar borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum (EA, ZAL, RH, ÁYA, ASS, GRL, GHJ).*

*Tveir sátu hjá við afgreiðslu málsins (JG, EB).*

Handwritten signatures and initials: GHJ, GRL, EB, RH, B., J.G., EA., ÁYA.



## Sveitarstjórn Húnabyggðar

### 3. Reglur um styrki vegna aksturs leikskólabarna - 2209012

Endurupptekið frá 7. fundi sveitarstjórnar.

Reglur um styrki vegna aksturs leikskólabarna bornar upp og samþykktar með 7 atkvæðum (EA, ZAL, RH, ÁYA, ASS, GRL, GHJ).

Tveir sátu hjá við afgreiðslu málsins (JG, EB).

### 7. Önnur mál - 2206034

#### 1. Umhverfisakademía

Valdimar O. Hermannsson lagði fram minnisblað um stöðu Umhverfisakademíu.

Einari Kristjáni Jónssyni var falið á 3. fundi sveitarstjórnar að boða til stofnfundar Umhverfisakademíu.

Sveitarstjórn samþykkir að fela Pétri Arasyni, sveitarstjóra, að taka við málinu og boða til stofnfundar og fara með atkvæði sveitarfélagsins á fundinum.

#### 2. Lokun Húnavallaskóla

Jón Gíslason lagði fram eftirfarandi bókun:

Vegna bókunar meirihluta sveitastjórnar Húnabyggðar á 6. fundi þar sem segir að minnihlutinn hafi ekki skilning á þeim lýðræðislegu sjónarmiðum sem liggja að baki ákvörðunar um lokun Húnavallaskóla strax í haust, vil ég taka fram að sú ákvörðun brýtur algerlega í bága við þann málefнасamning sem gerður var af samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna tveggja, þar sem tveir sveitarstjórnarmenn meirihlutans sátu í og kosið var um í sameiningarkosningunum. Þar var lögð rík áhersla á að gefa sér góðan tíma til að sameina skólana á einn kennslustað svo tími gæfist til að nýta það besta úr báðum skólum við sameiningu þessara stofnana, og til þess gæfu menn sér tíma með rekstri skólana á báðum stöðum í 1 til 2 ár. Þessi ákvörðun á því að mínu mati ekkert skylt við lýðræðisleg vinnubrögð. Lokun Húnavallaskóla með svo fyrirvaralausum hætti er dapurleg og ótímabær endir á 53 ára farsælu skólastarfi Húnavallaskóla. Þau viðbrögð sem fulltrúar meirihlutans viðhöfðu við bókun minnihlutans um þessa ákvörðun á þarsíðasta fundi, þar á ég við framkomu við Guðnýju Ósk Jónasdóttur, þar sem hún mætti á sinn fyrsta sveitarstjórnarfund, voru að mínu mati algerlega óviðunandi og tel ég rétt að meirihlutinn biðjist afsökunar á þeirri framkomu.

Auðunn Steinn Sigurðsson óskaði eftir að hlé yrði gert á fundinum kl. 16:29.

Fundarhléi lauk kl. 16:39.

Guðmundur Haukur Jakobsson lagði fram eftirfarandi bókun fyrir hönd meirihluta sveitarstjórnar:

Meirihluti sveitarstjórnar vill árétta að í þeim málefнасamningi sem gerður var af samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna tveggja kom orðrétt fram um fræðslumál: „Starfsemin verði sameinuð á einn kennslustað eigi síðar en haustið 2024.“ Framangreint orðalag útilokaði ekki að starfsemin yrði sameinuð strax undir eitt þak. Eins og komið hefur fram á fyrri sveitarstjórnarfundum, óskaði yfirgnæfandi meirihluti foreldra nemenda í Húnavallaskóla eftir því að börn þeirra myndu stunda nám á Blönduósi strax í haust. Ákvörðun um sameinað grunnskólhald á Blönduósi byggir á þeirri grundvallarafstöðu að ekki sé hægt að ganga gegn sterkum vilja meirihluta

RH  
GHJ  
GRL  
AZ  
J.L.  
AYA



## Sveitarstjórn Húnabyggðar

foreldra og skikka nemendur til þess að sækja Húnavallaskóla áfram. Slik vinnubrögð hefðu verið afar ólýðræðisleg og ekki til þess fallin að auka sátt í samfélaginu. Þá vill meirihluti sveitarstjórnar benda á að vel hefur tekist til við sameiningu skólanna þrátt fyrir skamman undirbúningstíma.

Þá vísar meirihluti sveitarstjórnar ásökunum fulltrúa H-lista um óviðunandi viðbrögð á 6. fundi á bug og harmar það að upplifun Guðnyjar Óskar hafi verið þeim hætti sem fulltrúi H-lista heldur fram. Meirihlutinn vill jafnframt árétta það að þegar stærri og veigameiri mál eru rædd og tekin fyrir á sveitarstjórnarfundum þá sé það fullkomlega eðlilegt og liggi í hlutarins eðli að sveitarstjórnarfulltrúar eigi í skoðanaskiptum, sér í lagi þegar alvarlegar ásanir og stór orð eru látin falla.

### 3. Framtíð Húnavallasvæðisins

Sveitarstjórn telur mikilvægt að mótuð sé stefna um framtíð Húnavallasvæðisins og mögulega sölu á eignum á svæðinu og felur viðræðuhóp sem skipaður var á 1. fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar að taka formlega til starfa. Forseta sveitarstjórnar falið að boða fyrsta fund.

### 4. Byggðaráð Húnabyggðar - 5 - 2208006F

Fundargerð 5. fundar byggðaráðs lögð fram til staðfestingar á 8. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér.

Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum samhljóða.

#### 4.1 2208025 - Vegagerðin - framvæmdir

#### 4.2 2208024 - Girðingar á Víðidalstunguheiði

#### 4.3 2202019 - Framkvæmdir 2022

#### 4.4 2208026 - Notendaráð

#### 4.5 2208027 - Heimasíða Húnabyggðar

#### 4.6 2208023 - Lagfæring á steingirðingu Þingeyrakirkjugarðs

#### 4.7 2208019 - Tillögur að aðgerðum til að liðka fyrir ráðningum starfsfólks á leikskóla

#### 4.8 2208016 - Staða leikskólamála, yfirlit og helstu úrlausnarefni

#### 4.9 2208028 - Umferðaröryggismál við Húnabraut

Handwritten initials and signatures in blue ink: RH, AS, J.G., EA, G.H.F., and XVA.



## Sveitarstjórn Húnabyggðar

### 5. Byggðaráð Húnabyggðar - 6 - 2209001F

*Fundargerð 6. fundar byggðaráðs lögð fram til staðfestingar á 8. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Liðir 5.2, 5.8 og 5.13 þarfnast sérstakrar afgreiðslu.*

*Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum samhljóða.*

- 5.1 **2209003 - Reglur um úthlutun nýrra lóða**
- 5.2 **2208019 - Tillögur að aðgerðum til að liðka fyrir ráðningum starfsfólks á leikskóla**  
*Tillögur að aðgerðum til að liðka fyrir ráðningum starfsfólks á leikskóla bomar upp og samþykktar með 9 atkvæðum samhljóða.*
- 5.3 **2206054 - Byggðamerki**
- 5.4 **2208026 - Notendaráð**
- 5.5 **2208010 - Fjárhagsáætlun 2023**
- 5.6 **2209007 - Dælustöð - útboð v. hús**
- 5.7 **2209009 - Vatnslögn upp á skotípróttasvæði Markviss.**
- 5.8 **2209008 - Samningur um sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar á landsvísu**  
*Sveitarstjórn samþykkir, með 9 atkvæðum samhljóða, samning um umdæmisráð ásamt erindisbréfi og viðauka við sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar á landsvísu samkvæmt nýjum lögum og tekur undir bókun byggðaráðs.*
- 5.9 **2202019 - Framkvæmdir 2022**
- 5.10 **2209002 - Starfshópur til að skoða og gera tillögur til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um nýtingu vindorku.**
- 5.11 **2209001 - SSVN - fundargerð 81. fundar stjórnar**
- 5.12 **2209004 - SSVN - fundargerð 82. fundar stjórnar**

ED RA  
GTH GEL  
AB. J.L. EA  
XVT



## Sveitarstjórn Húnabyggðar

### 5.13 2209005 - SSNV - fundargerð 83. fundar stjórnar

Sveitarstjórn Húnabyggðar tekur undir bókun byggðaráðs vegna vaxandi halla á rekstri málaflokks fatlaðs fólks með vísan til bókana SSNV og byggðaráðs Skagafjarðar.

### 6. Skipulags- og byggingarnefnd Húnabyggðar - 3 - 2208002F

Fundargerð 3. fundar skipulags- og byggingarnefndar lögð fram til staðfestingar á 8. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér.

Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 9 atkvæðum samhljóða.

#### 6.1 2209003 - Reglur um úthlutun nýrra lóða

#### 6.2 2208028 - Umferðaröryggismál við Húnabraut

#### 6.3 2209006 - Umsókn um lóð Sunnubraut 11

#### 6.4 2209013 - Bergsstaðir land - umsókn um framkvæmdaleyfi

### Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýnt hafa hluttekningu og samúð

Sveitarstjórn Húnabyggðar vill þakka sérstaklega allar þær hlýju kveðjur sem okkur hafa borist frá einstaklingum, embættismönnum, sveitarfélögum og fyrirtækjum um land allt. Það er gott að finna samhug og samkennd á erfiðum tímum og fyrir það erum við hjartanlega þakklát. Um leið og við þökkum fyrir okkur minnum við á að enn á fólk um sárt að binda og öll hlýja og náungakærleikur sem berst til þeirra fer á góðan stað.

Með góðum kveðjum,

Sveitarstjórn Húnabyggðar  
Flaira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:55

  
Guðmundur Haukur Jakobsson

  
Grímur Rúnar Lárusson

  
Handwritten notes and signatures in blue ink, including initials like 'RH', 'AB', 'j.l.', 'AYA', and 'EA'.



## Sveitarstjórn Húnabyggðar

Ragnhildur Haralds

Ragnhildur Haraldsdóttir

Zophonias Ari Lárusson

Ásdís Ýr Arnardóttir

Ásdís Ýr Arnardóttir

Auðunn Steinn Sigurðsson

Elín Aradóttir

Elín Aradóttir

Jón Gíslason

Edda Brynleifsdóttir

Edda Brynleifsdóttir